

Stjórnarfundur í félagi sumarhúsaeigenda í Hvammi (FSH) haldinn í húsnæði KPMG, Borgartúni 27, þriðjudaginn 14.09.2010, kl 17.15

Mættir: Birgir Benediktsson, Bárður Sigurgeirsson, Alexander Edvardsson, Skúli Már Sigurðsson, Guðjón Jensson, Björn Magnússon, Andri Árnason

1. Birgir kynni stöðu á öryggishliðum. Haft hefur verið samband við skipulags og byggingarnefd sem er að skoða málið, en ekki er að búast við athugasemdum þaðan. Vegargerðin fer fram á að 20 m séu frá miðlinu þjóðveggar 508, að hliði. Góðir samningar náðust við Sindra. Töluverð lækkun frá því sem upphaflega var kynnt. Bæði hliðin kosta 2050 þúsund með uppsetningu. Við bætist kostanður við lagningu rafmagnskapla.
2. Nýr landeigandi, Jón Hörður Hafseinnsson (JHH) mætti á fundinn. Kynnti að Sigurður Pétursson jarðverktaki er að hefja viðgerðir á vatnsbóli. Mun landeigandi kosta þær viðgerðir. Viðgerðir felast í því að setja nýjar drenlagnir og fergja síðan. Kemur þó nánar í ljós þegar svæðið verður opnað.

Alexander benti á að vatnsból þarf þarfa að framleiða heilbrigt vatn og nægilegt vatn. JHH benti á að það þarf að laga núverandi vatnsból til bráðabrigða og síðan stofna félag til framtíðar, sem tæki að sér að útvega vatn og reka vatnsveitu. Slíkt félag yrði sameiginlega í eigu landeiganda og sumarhúsaeiganda. Landeigandi telur að sumarhúsaeigendur og landeigandi eigi að standa saman að kostnaði við öflun nýs vatns. Fulltrúar FSH telja að landeigandi eigi að útvega vatnið. Þarna greindi aðila á.

JHH nefndi að hann hefði skoðað geislun á vatni til að tryggja heilbrigði. Einnig velti JHH upp fleiri möguleikum eins og sameina fleiri lindir í fjallinu. Einnig ræddar tengingar við vatnsveitu Vatnsenda.

JHH skýrði frá því að hann hefði átt fund með skipulagsnefnd í dag. Fyrsta skefið er skipulag á nýju hverfi fyrir neðan veg, s.k. Káraland.

Birgir ræddi opið sameiginlegt svæði fyrir neðan býlið Hvamm. Svæðið er 3,5 h og er ætlað sem útivistarsvæði fyrir sumarhúsaeigendur í Hvammi.

JHH tók fram að allar skipulagshugmyndir væru á frumstigi ennþá. Að lokum óskuðu fulltrúar FSH, JHH til hamingju með kaupin á landinu og óskuðu eftir góðu samstarfi við hann í framtíðinni. JHH vék nú af fundi.

3. Stjórnin ræddi nánar vatnsmálin.
4. Ræddar gestabryggjur. Hugsanlegt samstarf við sumarhúsafélög við Skorradalsvatn um uppsetningu bryggju á hverju svæði. Málið er

eingöngu á umræðustigi.

5. Aðalfundur verður haldinn mánudaginn, 11.10.2010. Auglýst á heimasíðu og með fundarboði.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl 19.00

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Bárður', with a long, sweeping horizontal stroke extending to the right.

Bárður Sigurgeirsson